

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 13. september 2016 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Jóhann R. Kristjánsson. Þröstudagur Helgason tilkynnti forföll. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu

Sjá fg. ÍM 1/2016, 1. lið. Fundarmenn ræddu um drög Ármanns að ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2016 og fóru nákvæmlega yfir drögin. Ármann tók saman breytingartillögurnar og sendir ritara nýja gerð sem send verður allri málnefndinni. Óskað verður eftir athugasemdum nefndarmanna fyrir fund stjórnar í október þar sem endanlega verður gengið frá ályktuninni.

2. Nýjar ritreglur ÍM auglýstar af mennta- og menningarmálaráðherra

Sjá um sögu málsins t.d. fg. stj. ÍM 4/2016, Mál til bókunar: Ritreglur Íslenskrar málnefndar, fg. stj. ÍM 2/2016, 1. lið, fg. ÍM 1/2016, 2. lið og fg. ÍM 1/2015, 2. lið.

Nýjar ritreglur Íslenskrar málnefndar voru auglýstar af mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarssyni, 6. júní 2016 (sjá <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Auglysing-um-islenskar-ritreglur.pdf>, *Auglýsing um setningu íslenskra ritreglna* nr. 695). Sjá einnig frétt um þetta á vef ráðuneytis: <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nyjar-ritreglur> (30.8.2016).

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls 61/2011, 6. gr. segir: „Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.“ Reglurnar „gilda um stafsetningarkennslu í skólum og útgefið efni á vegum hins opinbera“.

Auglýsingin er lok langs ferlis en Íslensk málnefnd og tveir vinnuhópar á hennar vegum unnu að reglum með hléum árin 2009–2016. Vinnuhópur Íslenskrar málnefndar um nýjar ritreglur skilaði lokaskýrslu til málnefndarinnar 23. ágúst 2015 (sjá: <http://islenskan.is/images/islenskar-ritreglur-drog-2015.pdf>). Lesa má um sögu vinnunnar í skýrslu ÍM fyrir árin 2010–2015 (<http://islenskan.is/images/Skyrsla-til-mrn-um-storf-IM-2010-2015.pdf>), sjá bls. 10 og 12, og um helstu breytingar í nýjum reglum hér: <http://islenskan.is/images/skyrslur/greinargerd-breytingar-ritreglum.pdf>.

Á fundi stj. fg. ÍM 4/2015 (sjá 4. lið) hafði verið ákveðið að veita 150.000 kr. í nýja síðu Stafsetningarorðabókar og ritreglna. Ritari lagði til að þetta fé yrði lagt í hönnun nýrrar aðgengilegrar vefsíðu (html-síðu) með ritreglum og var það samþykkt. Nauðsynlegt væri að liðsinna ráðuneyti við að kynna reglurnar sem best. Annaðhvort verður leigt lénið ritreglur.is eða hún vistuð á undirsíðu islenskan.is, t.d. ritreglur.islenskan.is. Ritari mun hafa samband við hönnuði.

3. Útistandandi mál (Isavia, Icelandair, innanríkisráðuneyti) – aðgerðir

Hvorki hafa borist svör frá innanríkisráðuneyti né Isavia við bréfi ÍM 17. júní þar sem vakin er athygli á notkun ensku á Keflavíkurflugvelli þar sem hún er höfð á undan íslensku á upplýsingaskiltum. Íslensk málnefnd hafði áður skrifað bréf til Björns Óla Haukssonar, forstjóra Isavia, 29. apríl 2016 þar sem bent var á þetta.

Ritari bauðst til að skrifa tölvuskeyti til ráðuneytis og Isavia til að grennslast fyrir um málið og var það samþykkt.

Hilmar nefndi að Strætó hefði nýlega auglýst eftir bílstjórum. Kveðið var á um enskukunnáttu en ekki þekkingu á íslensku í auglýsingunni. Þetta verður athugað betur á næsta fundi.

4. Málrættarþing í nóvember – undirbúningur

Sjá fg. stj. 5/2016, 2. lið. Ákveðið var að leita til forseta Íslands um að halda erindi á þinginu. Haft verður samband við Mjólkursamsöluna (MS) og óskað eftir stuðningi hennar við þingið, t.d. auglýsingar í blöðum, skreytingar á sviði. Formaður og ritari munu hafa samband við MS.

5. Önnur mál.

a) Málnefndarþing í Finnlandi

Formaður sagði frá fundi samstarfshóps norrænu málnefndanna (*Netværket for sprognævnene i Norden*) 31. ágúst og norræna málnefndarþinginu sem haldið var 1.–2. september í Vasa í Finnlandi. Sjá nánar hér um þingið: <http://islenskan.is/8-frettir/36-malnefndathing-i-vasa-ett-flersprakigt-samhælle>. Á fundinum var skipulögð dagskrá næstu ára og samkvæmt henni verður netverksfundur haldinn á Íslandi árið 2021.

Mál til bókar

Formaður sendi bréf 15. júní til rektors HÍ, Jóns Atla Benediktssonar og óskaði háskólanum til hamingju með nýja málstefnu sem samþykkt var 19. maí í háskólaráði (sjá: http://www.hi.is/adalvefur/malstefna_haskola_islands). Hún væri fyllri og skýrari en eldri málstefna frá 2004 og samræmdest lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs, nr. 61/2011.

Formaður sendi bréf 16. júní í tölvupósti til innanríkisráðuneytis með viðbrögðum ÍM við drögum að frumvarpi um breytingar á lögum um mannaöfn sem birt er á síðunni <https://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/samrad-um-breytingar-a-mannanafnaloggjof> (*Samráð um breytingar á mannaafnalöggjöf*). Í skeytinu segir m.a.: „Íslensk málnefnd hvetur til varfærni þegar kemur að breytingum á mannaafnakerfinu og að áhrif af svo róttækum breytingum á nafnakerfinu fyrir íslenskt mál í heild verði metin rækilega.“

Formaður sendi bréf 17. júní til innanríkisráðherra, Ólafar Nordal (sjá 3. lið fyrir framan). Afrit af bréfinu var sent til, Björns Óla Haukssonar, forstjóra Isavia.

Fundi lauk kl. 16.30

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.